

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/8/EB

2001/EES/51/26

frá 20. mars 2000

um breytingu á tilskipun ráðsins 70/221/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 70/221/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽⁴⁾ er ein sértilskipananna sem fjalla um EBE-gerðarviðurkenningaráðferðina sem var tekin upp með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽⁵⁾. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE sem varða kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum eiga við um tilskipun 70/221/EBE. Nauðsynlegt er að laga 1. gr. tilskipunar 70/221/EBE að skilgreiningunum í tilskipun 70/156/EBE.
- 2) Til þess að unnt sé að taka tillit til tækniframfara er ráðlegt að laga tilskipun 70/221/EBE að tæknifröfunum sem efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu samþykkti í reglugerð sinni nr. 34 um viðurkenningu ökutækja með tilliti til þess að koma í veg fyrir eldhættu, einkum ákvæðunum um eldsneytisgeyma úr plastefni.
- 3) Eldsneyti (einkum dísilolía), sem hellist niður á vegi fyrir slysi, skapar verulega hættu fyrir ökumenn vélknúinna ökutækja á tveimur hjólum og hjólreiðamenn.
- 4) Áhugi fer vaxandi fyrir loftkenndu eldsneyti til þess að knýja vélknúin ökutæki, einkum af ástæðum sem varða umhverfið. Í framtíðinni skal tilskipun 70/221/EBE því kveða á um geyma undir eldsneyti, annað en fljótandi eldsneyti. Af þeim sökum ber að breyta titli og gildissviði tilskipunar 70/221/EBE í samræmi við þetta. Tækniforskriftir fyrir geyma undir loftkennt eldsneyti verða innleiddar með síðari breytingum við fyrrnefnda tilskipun.
- 5) Æ algengara er að í stað upprunalegra eldsneytisgeyma komi stærri eldsneytisgeymar eða að ósamþykktir viðbótareldsneytisgeymar séu settir í ökutæki. Því ber við fyrsta tækifæri að kveða á um EB-gerðarviðurkenningu geyma undir fljótandi og loftkennt eldsneyti sem aðskildar tæknieiningar til þess að viðhalda megi fyllsta öryggi í umferð vélknúinna ökutækja.
- 6) Evrópuþingið og ráðið skulu samþykka breytingar á ákvæðum um eldsneytisgeyma. Í framtíðinni er ráðlegt að breytingar, sem eru nauðsynlegar til þess að laga tæknifröfur tilskipunar 70/221/EBE um eldsneytisgeyma að tækniframförum, verði samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
- 7) Breytingarnar samkvæmt þessari tilskipun eiga einkum við um eldsneytisgeyma úr plastefni. Af þeim sökum ber hvorki að fella úr gildi núgildandi viðurkenningar samkvæmt tilskipun 74/60/EBE ⁽⁶⁾ né koma í veg fyrir að ný ökutæki, sem eru með málmgeyma undir fljótandi eldsneyti og þess konar viðurkenningar gilda um, verði skráð, seld eða tekin í notkun.
- 8) Að teknu tilliti til umfangs og áhrifa fyrirhugaðra aðgerða á því sviði sem hér um ræðir eru ráðstafanir bandalagsins, sem eru viðfangsefni þessarar tilskipunar, nauðsynlegar, eða jafnvel óhjálkæmleugar, til að

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 106, 3.5.2000, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2000 frá 30. nóvember 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 8, 15.2.2001, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 164, 29.5.1998, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 407, 28.12.1998, bls. 58.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 10. febrúar 1999 (Stjtið. EB C 150, 28.5.1999, bls. 168), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. júlí 1999 (Stjtið. EB C 249, 1.9.1999, bls. 25), ákvörðun Evrópuþingsins frá 27. október 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/19/EB (Stjtið. EB L 125, 16.5.1997, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/91/EB (Stjtið. EB L 11, 16.1.1999, bls. 25).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 38, 11.2.1974, bls. 2. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 78/632/EBE (Stjtið. EB L 206, 29.7.1978, bls. 26).

ná settu marki, það er EB-gerðarviðurkenningu ökutækja. Aðildarríkin eru ekki í stakk búin til þess að ná þessu markmiði með fullnægjandi hætti ein og sér.

2. gr.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 70/221/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað titils tilskipunarinnar:

„Tilskipun ráðsins frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um eldsneytisgeyma og undirakstursvörn að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra“.

2. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.“

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ vélknúð ökutæki og eftirvagnar þess samanber skilgreiningu í A-þætti II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.“

3. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 2. gr.:

„1. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af ástæðum sem varða eldsneytisgeyma þess ef slíkt ökutæki fullnægir kröfunum um eldsneytisgeyma sem um getur í þessari tilskipun.“

4. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 2. gr. a):

„1. Aðildarríkjum er óheimilt að hafna eða banna að ökutæki séu seld, skráð, tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem varða eldsneytisgeyma þess ef slíkt ökutæki fullnægir kröfunum um eldsneytisgeyma sem um getur í þessari tilskipun.“

5. Eftirfarandi komi í stað 3. gr.:

„3. gr.“

Samþykkja ber allar nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í viðaukunum að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.“

6. Skránni yfir viðauka og I. viðauka við tilskipun 70/221/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

1. Frá 3. maí 2001 skulu aðildarríkin samþykkja, að því er varðar 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE, að fara að þeim kröfum sem eru settar fram í tilskipun 70/221/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 3. maí 2002 skulu aðildarríkin:

— ekki lengur veita EB-gerðarviðurkenningu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, og

— geta neitað að veita innlenda gerðarviðurkenningu

fyrir nýja ökutækjagerð, af ástæðum er varða eldsneytisgeyma þess, ef ökutækið uppfyllir ekki ákvæði tilskipunar 70/221/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. Frá og með 3. maí 2003:

— skulu aðildarríkin líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar, og

— geta aðildarríkin neitað að skrá, selja og taka í notkun ný ökutæki, sem ekki fylgir samræmisvottorð samkvæmt tilskipun 70/156/EBE, nema unnt sé að skírskota til ákvæða 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE,

af ástæðum er varða eldsneytisgeyma ef kröfum tilskipunar 70/221/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

4. Með þessari tilskipun eru engar áður veittar viðurkenningar vegna ökutækja með málmegeyma undir fljóttandi eldsneyti felldar úr gildi eða komið í veg fyrir rýmkun slíkra viðurkenninga samkvæmt skilmálum þeirrar tilskipunar sem þær voru upphaflega veittar samkvæmt.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 3. maí 2001 og skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. mars 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. GAMA

forseti.

VIÐAUKI

BREYTINGAR Á SKRÁ YFIR VIÐAUKA OG Á I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 70/221/EBE

Skrá yfir viðauka

Eftirfarandi komi í stað tilvísunarinnar til I. viðauka:

„I. viðauki: Geymar undir fljótandi eldsneyti

1. viðbætur: Brunapólsprófun
2. viðbætur: Mál eldfastra múrsteina og tæknilegar upplýsingar um þá
3. viðbætur: Upplýsingaskjal
4. viðbætur: EB-viðurkenningarvottorð“

I. viðauki

Eftirfarandi komi í stað I. viðauka:

„I. VIÐAUKI

GEYMAR UNDIR FLJÓTANDI ELDSNEYTI

1. GILDISSVIÐ

1.1. Þessi viðauki gildir um ökutæki sem tilskipun 70/156/EBE gildir um.

2. SKILGREININGAR

Í viðauka þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 2.1. „Gerð ökutækis með tilliti til eldsneytisgeyma“: ökutæki sem eru ekki innbyrðis ólík í grundvallaratriðum að því er varðar:
 - 2.1.1. gerð, lögun, mál og smíðaeefni (málmur/plast) geymisins eða geymanna;
 - 2.1.2. í ökutækjum í flokki M₁ ⁽¹⁾, staðsetningu geymisins eða geymanna í ökutækinu að því marki sem hún hefur neikvæð áhrif gagnvart kröfunum í lið 5.10 í þessum viðauka.
- 2.2. „Farþegaklefi“: rými fyrir ökumann og farþega sem markast af þaki, gólfi, hliðarveggjum, hurðum, ytri rúðum, skilrúmi að framan og aftasta skilrúmi.
- 2.3. „Massi án hleðslu“: massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs eins og skilgreint er í þætti 2.6 í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.
- 2.4. „Geymir“: geymir eða geymar undir fljótandi eldsneyti, samkvæmt skilgreiningunni í þætti 2.6., einkum ætlað til að knýja ökutækið, að frátöldum aukabúnaði (t.d. aðleiðslu (ef hún er sjálfstæð eining), opi, loki, mæli, leiðslum að hreyflinum eða til þess að jafna þrýsting að innanverðu, o.s.frv.).
- 2.5. „Rúmtak geymisins“: rúmtak geymisins eins og framleiðandi ökutækisins tilgreinir það.
- 2.6. „Fljótandi eldsneyti“: eldsneyti sem er fljótandi við venjuleg umhverfisskilyrði.

(¹) Eins og skilgreint er í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

3. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU
 - 3.1. Framleiðandi skal sækja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar varðar eldsneytisgeyma þess í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
 - 3.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 3. viðbæti.
 - 3.3. Látá ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:
 - 3.3.1. Dæmigert ökutæki fyrir gerðina, sem á að viðurkenna, eða þá íhluti ökutækisins sem tækniþjónustan telur þurfa til gerðarviðurkenningarprófana.
 - 3.3.2. Ef um er að ræða ökutæki búið geymi úr plastefni: sjö geyma til viðbótar ásamt fylgihlutum.
 - 3.3.3. Ef um er að ræða ökutæki búið geymi úr öðru efni: tvo geyma til viðbótar ásamt fylgihlutum.
4. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR
 - 4.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. mgr. 4. gr. og, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE hafi viðeigandi kröfum verið fullnægt.
 - 4.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í 4. viðbæti.
 - 4.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Aðildarríki skal ekki úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.
5. FORSKRIFTIR
 - 5.1. Eldsneytisgeymar verða að vera tæringarþolnir.
 - 5.2. Geymar, búnir öllum fylgihlutum sem venjulega eru tengdir þeim, þurfa að standast lekaprófanir, sem eru gerðar í samræmi við lið 6.1, við hlutfallslegan innri þrýsting sem jafngildir tvöföldum vinnuþrýstingi, þó aldrei við minni yfirþrýsting en 0,3 bör.

Geymar fyrir ökutæki gerðir úr plastefni teljast uppfylla þessa kröfu hafi þeir staðist prófun sem er lýst í lið 6.3.2.
 - 5.3. Allan þrýsting eða þrýsting, sem er yfir vinnuþrýstingi, þarf að jafna sjálfvirkt með viðeigandi búnaði (útrásaropum, öryggislokum, o.s.frv.).
 - 5.4. Útrásaropin ber að hanna þannig að þau komi í veg fyrir eldhættu. Mikilvægt er að eldsneyti, sem kann að leka þegar geymirinn (eða geymarnir) er fylltur, falli ekki á útblásturskerfið. Leiða ber það niður á jörðina.
 - 5.5. Eldsneytisgeymi (eða –geyma) skal ekki staðsetja í yfirborði (gólfi, veggjum, skilrúmi) farþegaklefa eða annars hólfis sem tengist því og skal hann ekki mynda slíkt yfirborð.
 - 5.6. Setja skal upp skilvegg milli farþegaklefa og geymis (eða geyma). Heimilt er að göt séu á skilveggnum (t.d. til að koma fyrir leiðslum) að því tilskildu að þeim sé komið fyrir með þeim hætti að eldsneyti geti ekki, við venjulegar notkunaraðstæður, streymt hindrunarlaust úr geyminum (eða geymunum) inn í farþegaklefan eða annað rými sem tengist því.
 - 5.7. Allir geymar skulu tryggilega festir og staðsettir þannig að tryggt sé að eldsneytisleki frá geymi eða fylgihlutum hans komist, við venjuleg notkunarskilyrði, niður á jörð en ekki inn í farþegaklefan.

- 5.8. Áfyllingaropið skal ekki staðsetja í farþegaklefa, farangursrými eða vélarrými.
- 5.9. Eldsneytið má ekki, við eðlilega notkun ökutækisins, komast út um lok eldsneytisgeymisins eða í gegnum þann búnað sem á að jafna þrýsting. Ef ökutækið snýst á hvolf er smáleki ásættanlegur sé hann ekki meiri en 30 g/mín. Gengið skal úr skugga um að þessi krafa sé uppfyllt í prófuninni sem mælt er fyrir um í þætti 6.2.
- 5.9.1. Geymislokið skal fest við aðleiðsluna: þéttihringurinn skal haldast tryggilega á sínum stað, lokið skal haldast tryggilega fast við þéttihringinn og aðleiðsluna þegar það er hert að.
- 5.9.1.1. Líta ber svo á að kröfunum í lið 5.9.1 hafi verið fullnægt uppfylli ökutækið kröfurnar í lið 5.1.3 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE ⁽¹⁾ að því tilskildu að dæmin, sem eru talin upp í þriðja undirlíð þess liðar, gildi ekki um ökutæki í öðrum flokkum en M₁ eða N₁.
- 5.10. Eldsneytisgeymum ber að koma þannig fyrir að þeir séu varðir fyrir afleiðingum af höggum á fram- eða afturhluta ökutækisins. Engir útstæðir hlutar, skarpar brúnir o.s.frv. skulu vera nálægt geyminum.
- 5.11. Eldsneytisgeymi og áfyllingarstút skal hanna og koma fyrir í ökutækinu með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að hleðsla stöðuraftmagns safnist upp á sameinuðu yfirborði þeirra. Ef nauðsyn krefur skal leiða slíka hleðslu í járngrind undirvagnsins eða einhvern meiriháttar málm massa með góðum leiðara.
- 5.12. Ennfremur skal prófa geyma úr plastefni samkvæmt þeirri sérstöku málsmeðferð sem er sett fram í þætti 6.3.

6. PRÓFANIR

6.1. Vökvaprófun

Framkvæma skal vökvaprýstiprófun á innri þrýstingi geymisins og nota til þess aðskilda einingu fullbúna öllum fylgihlutum. Fylla ber geyminn alveg með óeldfimum vökva (til dæmis vatni). Eftir að allt samband við ytra umhverfið hefur verið rofið skal auka þrýstinginn smátt og smátt í gegnum eldsneytisleiðslu að hreyfli uns hlutfallslegum innri þrýstingi er náð sem jafngildir tvöföldum vinnuþrýstingi sem er notaður; umframþrýstingurinn skal þó vera minnst 0,3 bór og honum ber að viðhalda í eina mínútu. Á þessu tímabili skal skel geymisins hvorki springa né leka; varanleg aflögun er þó viðunandi.

6.2. Veltiprófun

- 6.2.1. Festa ber geyminn ásamt öllum fylgihlutum við prófunarfestingu með sambærilegum hætti og honum er komið fyrir í ökutækinu sem geymirinn er gerður fyrir. Það sama gildir um kerfi fyrir jöfnun innri umframþrýstings.
- 6.2.2. Prófunarfestingin skal snúast um ás sem liggur samhliða lengdarási ökutækisins.
- 6.2.3. Prófunin fer fram með geyminn fylltan að níu tíundu hlutum og einnig að þremur tíundu hlutum með óeldfimum vökva sem hefur svipaðan eðlismassa og seigju og það eldsneyti sem er notað að jafnaði (vatn er nothæft).
- 6.2.4. Snúa ber geyminum 90° til hægri frá upphaflegri stöðu. Geymirinn skal vera kyrr í þessari stöðu í að minnsta kosti fimm mínútur.

Því næst skal snúa geyminum aðrar 90° í sömu átt. Halda ber geyminum í þessari stöðu, þar sem hann er alveg á hvolfi, í að minnsta kosti fimm mínútur til viðbótar.

Snúa skal geyminum til baka í venjulega stöðu. Tæma skal prófunarvökva sem hefur ekki flætt til baka frá útrásarkerfinu inn í geyminn og endurfylla ef nauðsyn krefur.

Snúa skal geyminum 90° í gagnstæða átt og láta hann kyrran í þessari stöðu í að minnsta kosti fimm mínútur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1.

Snúa skal geyminum aðrar 90° í sömu átt. Geymirinn skal vera kyrr í þessari stöðu á hvolfi í að minnsta kosti fimm mínútur. Á eftir skal snúa geyminum til baka í venjulega stöðu.

6.3. Viðbótarprófanir fyrir geyma úr plastefni sem setja á í ökutæki

6.3.1. Viðnám gegn höggum

6.3.1.1. Fylla skal geyminn eins og rúmtak hans leyfir með blöndu af vatni og glýkóli eða með öðrum vökva sem frýs við lágt hitastig og breytir ekki eiginleikum efnisins sem geymirinn er gerður úr og þessu næst skal fara fram götunarprófun á honum.

6.3.1.2. Meðan þessi prófun fer fram skal hitastig geymisins vera $233\text{ K} \pm 2\text{ K}$ ($-40\text{ °C} \pm 2\text{ °C}$).

6.3.1.3. Nota skal prófunarfestingu með höggkólfi í prófuninni. Höggstykkið skal vera úr stáli og pýramídalagað með hliðar sem eru jafnhliða þríhyrningar og ferkantaðan grunnflöt; toppurinn og brúnirnar skulu hafa 3 mm sveigjugeisla. Höggmiðja kólfsins skal falla saman við þungamiðju pýramíðans; fjarlægð hans frá snúningsásí kólfsins skal vera 1 m. Heildarmassi kólfsins skal vera 15 kg. Kraftur kólfsins á andartaki höggs skal ekki vera undir 30 Nm og eins nálægt því gildi og unnt er.

6.3.1.4. Prófanirnar skulu fara fram á þeim stöðum á geyminum sem eru taldir viðkvæmir ef um áreksstur að framan eða aftan er að ræða. Þeir staðir sem eru taldir viðkvæmir eru þeir sem eru undir mestri áraun eða eru veikastir fyrir með tilliti til lögunar geymisins eða þess með hvaða hætti honum er komið fyrir í ökutækinu. Skal gera grein fyrir þeim stöðum sem rannsóknarstofurnar velja.

6.3.1.5. Meðan á prófun stendur skal geyminum haldið í réttri stöðu með útbúnaðinum á þeirri hlið eða hliðum sem eru gagnstætt höggghliðinni. Enginn leki skal koma fram að prófun lokinni.

6.3.1.6. Að vali framleiðanda geta allar höggprófanir farið fram á einum geymi eða hver og ein prófun á sérstökum geymi.

6.3.2. Vélrænn styrkur

Prófa skal geyminn með tilliti til leka og stinnleika lögunar við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þætti 6.1. Festa ber geyminn ásamt öllum fylgihlutum við prófunarfestingu með sambærilegum hætti og honum er komið fyrir í ökutækinu sem geymirinn er gerður fyrir. Sem prófunarvökva skal nota vatn sem er 326 K (53 °C) og fylla geyminn með því eins og rúmtak hans leyfir. Geymirinn skal verða fyrir hlutfallslegum innri þrýstingi sem jafngildir tvöföldum vinnuþrýstingi, þó aldrei minni þrýstingi en 0,3 börum við hitastig $326\text{ K} \pm 2\text{ K}$ ($53\text{ °C} \pm 2\text{ °C}$) í fimm klukkustundir. Meðan á prófun stendur skal geymirinn og fylgihlutir hans hvorki springa né leka; varanleg aflögun er þó viðunandi.

6.3.3. Eldsneytisgroppa

6.3.3.1. Eldsneytið sem er notað í groppuprófuninni skal annaðhvort vera viðmiðunareldsneytið sem er tilgreint í VIII. viðauka við tilskipun 70/220/EBE eða gæðaeldsneyti á markaði. Ef geymirinn er aðeins hannaður til ísetningar í ökutæki með þjöppunarkveikjuhreyfli skal geymirinn fylltur með kísileldsneyti.

6.3.3.2. Áður en prófun fer fram skal fylla geyminn til hálfis með prófunareldsneyti og láta hann standa opinn við umhverfishita sem er $313\text{ K} \pm 2\text{ K}$ ($40\text{ °C} \pm 2\text{ °C}$) þangað til þyngdartap hans á tímaeiningu verður stöðugt.

6.3.3.3. Því næst skal tæma geyminn og endurfylla til hálfis með prófunareldsneyti og eftir það loka honum þétt þannig að ekkert loft komist að og setja í geymslu við hitastig sem er $313\text{ K} \pm 2\text{ K}$ ($40\text{ °C} \pm 2\text{ °C}$). Jafna skal þrýsting þegar innihald geymisins hefur náð prófunarhitastigi. Á því átta vikna prófunartímabili sem eftir fylgir skal ákvarða þyngdartap af völdum flæðis á prófunartímanum. Leyfilegt hámarks meðaltap eldsneytis er 20 g fyrir hverjar 24 klukkustundir sem prófun stendur yfir.

6.3.3.4. Sé tapið af völdum flæðis yfir því gildi, sem gefið er upp í lið 6.3.3.3, skal endurtaka prófunina sem þar er lýst, á sama geyminum, til þess að ákvarða tap af völdum flæðis við $296\text{ K} \pm 2\text{ K}$ ($23\text{ °C} \pm 2\text{ °C}$) en að öðru leyti við sömu skilyrði. Tapið, sem þannig er mælt, skal ekki vera meira en 10 g á 24 klukkustundum.

6.3.4. *Eldsneytisþol*

Að lokinni prófuninni, sem um getur í þætti 6.3.3, skal geymirinn eftir sem áður uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í þáttum 6.3.1 og 6.3.2.

6.3.5. *Brunaþol*

Eftirtaldir prófanir skulu gerðar á geyminum:

6.3.5.1. Eldlogar skulu látnir leika um geyminn í tvær mínútur og skal hann festur eins og í ökutækinu. Enginn leki fljótandi eldsneytis skal vera frá geyminum.

6.3.5.2. Gera skal þrjár prófanir á mismunandi geymum sem eru fylltir eldsneyti sem hér segir:

6.3.5.2.1. Ef geymirinn er hannaður til ísetningar í ökutæki með annaðhvort rafkveikjuhreyfli eða þjöppunarkveikjuhreyfli skulu gerðar þrjár prófanir þar sem geymirinn er fylltur gæðabensíni.

6.3.5.2.2. Ef geymirinn er aðeins hannaður til ísetningar í ökutæki með þjöppunarkveikjuhreyfli skulu gerðar þrjár prófanir þar sem geymirinn er fylltur dísileldsneyti.

6.3.5.2.3. Í sérhverri prófun skal koma prófunargeymi fyrir í prófunarstöðu sem líkist raunverulegri ísetningu eins og við verður komið. Sú aðferð, sem er beitt við að koma geyminum fyrir í festingunni, skal vera í samræmi við viðeigandi forskriftir fyrir ökutækið. Taka ber tillit til þeirra hluta ökutækisins sem verja geyminn og fylgihluta hans gegn logum eða sem hafa áhrif á framvindu brunans með einhverjum hætti og einnig tilgreindra ihluta sem er komið fyrir á geyminum og rafmagnstenglum. Öll op skulu lokað meðan á prófun stendur en öll útrásarkerfi skulu virka. Fylla skal eldsneytisgeyminn að helmingi með því eldsneyti, sem er tilgreint, rétt áður en prófun hefst.

6.3.5.3. Logarnir sem eru látnir leika um geyminn skulu vera frá bruna markaðseldsneytis fyrir rafkveikjuhreyfla (hér á eftir nefnt „eldsneyti“) í bakka. Eldsneytismagnið, sem er hellt í bakkann, skal nægja til þess að logarnir geti lifað, við óheft brunaskilyrði, meðan á prófun stendur.

6.3.5.4. Stærð bakkans skal ákvörðuð þannig að tryggt sé að logarnir leiki um hliðar eldsneytisgeymisins. Bakkinn skal þannig ná út fyrir lárétt framskot geymisins um að minnsta kosti 20 cm en ekki meira en 50 cm. Hliðar bakkans skulu ekki standa hærra en 8 cm upp úr eldsneytisborðinu við upphaf prófunar.

6.3.5.5. Staðsetja skal bakkann, fylltan eldsneyti, undir geyminum þannig að bilið milli eldsneytisborðsins í bakkannum og geymisbotnsins svari til hönnunarhæðar geymisins yfir yfirborði vegar miðað við massa án hleðslu (sjá lið 2.3). Það skal vera unnt að færa bakkann eða prófunarfestinguna óhindrað eða hvort tveggja.

6.3.5.6. Meðan áfangi C stendur yfir í prófuninni skal þekja bakkann með rist sem er staðsett 2 cm ± 1 cm yfir borði eldsneytisins. Ristin skal gerð úr eldföstu efni eins og mælt er fyrir um í 2. viðbæti. Ekkert bil skal vera milli múrsteinanna og þeim skal haldið uppi yfir eldsneytisbakkann þannig að götin í þeim lokist ekki. Leng ristarinnar og breidd skal vera tveimur til fjórum sentímetrum styttri en innri mál bakkans þannig að eins til tveggja sentímetra loftunarbíl verði milli ristarinnar og hliða bakkans.

6.3.5.7. Fari prófunin fram undir berum himni skal gera ráð fyrir nægilegu skjóli og vindhraði í hæð eldsneytisbakkans skal ekki fara yfir 2,5 km/klst. Áður en prófun hefst skal hita ristina í 308 K ± 5 K (35 °C ± 5 °C). Heimilt er að væta eldföstu steinana í því skyni að tryggja að allar prófanir séu gerðar við sömu skilyrði.

6.3.5.8. Prófunin skal fara fram í fjórum áföngum (sjá 1. viðbæti).


6.3.5.8.1. Áfangi A: Forhitun (mynd 1)

Kveikja skal í eldsneytinu í bakkannum í að minnsta kosti þriggja metra fjarlægð frá geyminum sem verið er að prófa. Eftir að bakkinn hefur verið forhitaður í 60 sekúndur skal færa hann undir geyminn.


- 6.3.5.8.2. Áfangi B: Bein nánd við loga (mynd 2)
- Geymirinn skal standa í logum eldsneytisins, sem brennur óhindrað, í 60 sekúndur.
- 6.3.5.8.3. Áfangi C: Óbein nánd við loga (mynd 3)
- Strax og áfanga B er lokið skal staðsetja ristina milli brennandi bakkans og geymisins. Geymirinn skal standa í þessum minnkuðu logum í aðrar 60 sekúndur.
- 6.3.5.8.4. Áfangi D: Prófunarlok (mynd 4)
- Færa skal brennandi bakkann, með ristinni yfir aftur á upphaflegan stað (áfangi A). Brenni geymirinn við lok prófunarinnar skal slökkva eldinn án tafar.
- 6.3.5.9. Líta ber svo á að niðurstöður prófunar séu fullnægjandi ef ekkert eldsneyti lekur frá geyminum.
- 6.3.6. *Þol gegn háum hita*
- 6.3.6.1. Festingin, sem er notuð við prófunina, skal vera með sambærilegum hætti og ísetning geymisins í ökutækið, þar með talið hvernig útrásarop geymisins verkar.
- 6.3.6.2. Geymirinn, hálfylltur af vatni sem er 293 K (20 °C), skal standa í eina klukkustund við 368 K ± 2 K (95 °C ± 2 °C) umhverfishita.
- 6.3.6.3. Líta ber svo á að niðurstöður prófunar séu fullnægjandi ef geymirinn lekur ekki eða er mikið aflagaður að prófun lokinni.
- 6.3.7. *Merkingar á eldsneytisgeymi*
- 6.3.7.1. Festa ber viðskiptaheiti eða vörumerki á geyminn; það skal vera óafmáanlegt og auðlæsilegt á geyminum þegar hann er settur í ökutækið.
7. BREYTINGAR Á VIÐURKENNINGU
- 7.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda ef breyta á viðurkenningum sem eru veittar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.
8. FRAMLEIÐSLUSAMRÆMI
- 8.1. Gera ber ráðstafanir til að tryggja framleiðslusamræmi í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
-

1. viðbætur


BRUNAPÓLSPRÓFUN




Mynd 1



Mynd 2




Mynd 3



Mynd 4

2. viðbætur

MÁL ELDFASTRA STEINA OG TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR UM ÞÁ



a = 120 ± 5
b = 80 ± 3
c = 40 ± 3

(Mál eru í millimetrum)

Brunaþol (Seger-Kegel)	SK 30
Al ₂ O ₃ -innihald	30 til 33%
Opið grop (Po)	20-22%
Eðlismassi	1 900 til 2 000 kg/m ³
Virkt götött svæði	44,18%

3. viðbætur

UPPLÝSINGASKJAL nr. ...

í samræmi við I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE(*) um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis að því er varðar geyma þess undir fljótandi eldsneyti

(Tilskipun 70/221/EBE var síðast breytt með tilskipun 2000/8/EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, ihlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:.....
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu^(b):.....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:.....
- 0.4. Ökutækjaflokkur^(c):.....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki (aðeins af mismunandi lagi yfirbygginga):.....
3. HREYFILL^(d)
- 3.2.2. Eldsneyti: dísilolía/bensín/kútagas (LPG)/annað⁽¹⁾
- 3.2.3. Eldsneytisgeymir eða -geymar
- 3.2.3.1. Aðaleldsneytisgeymir eða -geymar
- 3.2.3.1.1. Fjöldi, rúmtak, efni:.....
- 3.2.3.1.2. Teikning af geymi eða geymum og tæknilysingar ásamt öllum tengingum og línunum inn- og útrásarkerfis, lásam, lokum og festibúnaði:.....
-
- 3.2.3.1.3. Teikning sem sýnir greinilega staðsetningu geymanna í ökutækinu:.....
- 3.2.3.2. Varaeldsneytisgeymir eða -geymar
- 3.2.3.2.1. Fjöldi, rúmtak, efni:.....
- 3.2.3.2.2. Teikning af geymi eða geymum og tæknilysingar ásamt öllum tengingum og línunum inn- og útrásarkerfis, lásam, lokum og festibúnaði:.....
-
- 3.2.3.2.3. Teikning sem sýnir greinilega staðsetningu geymisins eða geymanna í ökutækinu:.....

.....
(Dagsetning, mappa)

(*) Númer liða og neðanmálgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.


⁽¹⁾ Strikið út það sem ekki á við.

4. viðbætur

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ



Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾,
- rýmkun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,
- synjun um gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾,
- afturköllun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun 70/221/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/8/EB

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni⁽¹⁾(²):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾ (³):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, þegar um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. HLUTI

- 1. Frekari upplýsingar (þar sem við á): sjá viðbót
- 2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
- 3. Dagsetning prófunarskýrslu:
- 4. Númer prófunarskýrslu:
- 5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót

6. Staður:.....
7. Dagsetning:.....
8. Undirskrift:.....
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

(¹) Strikið út það sem ekki á við.

(²) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

(³) Eins og skilgreint er í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með hliðsjón af tilskipun 70/221/EBE(eldsneytisgeymar), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/8/EB

1. Viðbótarupplýsingar
- 1.1. Efni:.....
- 1.2. Rúmtak:.....
- 1.3. Staðsetning:.....
- 1.4. Eldsneyti: dísilolía/bensín/annað (¹)
5. Athugasemdir:

(¹) Strikið út það sem ekki á við.“